



VELFERÐ

MÁLGAGN OG FRÉTTABRÉF HJARTAHEILLA
26. árg. 1. tbl. júní 2014





Dagurinn er bara allt annar

Ota haframjölið er framleitt úr 100% sérvöldum höfrum sem eru flokkaðir, valsaðir og síðan ristaðir til að auka enn á bragðgæðin. Hafragrautur úr Ota Solgryn.



er einfaldur og hollur morgunverður með háu hlutfalli af fjölsykrum, trefjaríkur og mettandi og dugar þér langt inn í daginn.

OTA SOLGRYN

ÉG VALDI EKKI ÞESSA ÁSKORUN

EN ÞÚ GETUR VALIÐ AÐ VERA VINUR

SÍBS-vinir standa að baki endurhæfingar að Reykjalundi
sem byggir upp fólk eins og þig eftir sjúkdóma og slys

Ríflega 600 milljónir í verðlaunapottinum

Tryggðu þér vinanúmer núna á
www.sibs.is eða í síma **560 4800**

HAPPDRAETTI



... fyrir lífið sjálft



Sveinn Guðmundsson.

Atvik höguðu því þannig til að ég fór til fósturs hjá móðurforeldrum mínum barn að aldri. Amma mín lagði áherslu á góð gildi í lífinu, jákvæðu viðhorfi til tilverunnar, lagði áherslu á hjálpssemi, umburðarlyndi, fyrirgefningu, jöfnuð og virðingu. Amma mín átti það gjarna til að tala til mín í málsháttum sem meitluðu sig inn í barnssálina. „Vertu trúr yfir litlu og þú verður settur yfir mikið“ eða „Segðu mér hvern þú umgengst og ég skal segja þér hver þú ert“.

Amma mín náði hárrí elli en hvorki hreyfði hún sig mikið né heldur var hún að velta mikið fyrir sér mataræðinu. Þrátt fyrir framangreinda staðreynd um líf og heilsu ömmu minnar þá er það sannleikur sem við getum ekki vikið til hliðar að mataræði og hreyfing er forsenda fyrir betra lífi og heilsu.

„Segðu mér hvað þú borðar og ég skal segja þér hvernig líf þitt getur orðið“

Það er vel við hæfi að ég ljúki ritstjóraferli mínum með því að birta greinar er lúta að mataræði og hreyfingu. Það er samdóma álit allra fræðimanna að mataræði og hreyfing eru mikilvægir þættir til þess að bæta lífsskjör manna. Svo langt vilja sumir ganga með að halda því fram að hægt sé að útrýma hjartasjúkdómum ef fólk tileinkar sér höfsemi í mat og hreyfi sig reglubundið.

Það er mikilvægt að setja fæðuna

Frá ritstjóra

saman á fjölbreyttan máta. Mikilvægt er að neytt sé matar sem er næringaríkur, hollur og fitursnauður frá náttúrunnar hendi. Fólk grennist mjög hratt þegar það gerir lífsstílsbreytingu sem þessa. En breytingin hefur marga aðra kosti. Fæðuvalið bætir ónæmiskerfið.

Þeir sem vinna kyrrstöðuvinnu og hreyfa sig lítið eða einhæft yfir daginn, þurfa nauðsynlega að fá fjölbreytta hreyfingu einhvern tíma dagsins, til þess að koma í veg fyrir fylgikvilla hreyfingarleysis, eins og vöðvabólgu, stirðleika, mæði við minnstu áreynslu, stoðkerfis-, hjarta- og æðasjúkdóma, þunglyndi og svo mætti lengi telja.

Tegund hreyfingar skiptir ekki öllu máli. Aðalatriðið er að komast af stað, hafa markmiðið mátulegt og gera það sem þér finnst skemmtilegt. Lítil hreyfing er betri en engin hreyfing. Það er betra að fara út í göngutúr í 10 mínútur heldur en að sitja heima og gera ekki neitt. Það er betra að taka stigann einu sinni og sleppa lyftunni. Að standa upp frá skrifborðinu af og til og teygja sig er betra en að sitja allan daginn. Til þess að þjálfa hjarta- og æðakerfið þarf að ná þúlsinum upp. Það er hægt með hvaða röskri hreyfingu sem er.

Því miður er það svo að ég hefi tileinkað mér frekar lífstíl ömmu minnar hvað varðar mataræði og hreyfingu sem var mín fyrirmynd í einu og öllu. En með þessum skrifum vona ég að breyting verður á. Ég ætla að hreyfa mig meira og bæta mataræði mitt. „Orð eru til alls fyrst“

Ég vil þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn á vegferð minni sem ritstjóri með blaðið okkar Velferð til að yrkja betra umhverfi fyrir okkur sem viljum bæta okkur og breyta rétt til betra lífs.

Gleðilegt sumar.

Sveinn Guðmundsson, ritstjóri, varaformaður Hjartaheilla.

Efnisyfirlit

Samtök hjartaveikra tóku þátt	5
GoRed dagurinn 2014	6
Þáskabingó Hjartaheilla 2014	7
Mataræði og hjartasjúkdómar, Axel F. Sigurðsson, hjartalæknir	8
Hvað er blóðfita og hvers vegna skiptir hún máli?	10
Þrjú ráð til að bæta blóðfituna þína 12	
Út að ganga!	14
Máttur göngutúranna	15
Mataræði og hlaup	17
Annað líf - félag líffæraþega	20
Höldum þeim góða árangri sem náðst hefur í mataræði þjóðarinnar 22	
Skyndihjálp Rauða kross Íslands . . 25	

Velferð, málagn og fréttabréf Hjartaheilla.

Útgefandi: Hjartaheill, Síðumúla 6, 108 Reykjavík.

Heimasíða samtakanna: hjartaheill.is
Sími: 552 5744.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Sveinn Guðmundsson
Ritnefnd: Ásgeir Þór Árnason,
Guðrún Bergmann Frázdóttir
Margrét Albertsdóttir og Pétur Bjarnason.

Prentun og umbrot: Viðey ehf.
Forsíðumynd: Árni Rúnarsson
Upplag: 7.000

Aðsendar greinar eru á ábyrgð höfunda.



Samtök hjartveikra tóku þátt



Guðmundur Bjarnason
Formaður Hjartaheilla

Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga, og Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna, stóðu í fyrri fyrir landssöfnun undir nafninu Styrkjum hjartaþræðina vegna kaupa á hjartaþræðingartækinu og söfnuðu til þess 15 milljónum. Að auki fékkst styrkur frá tveimur Lionsklúbbum og var framlag samtakanna tvennra til tækjakaupanna alls 17 milljónir.

Þetta er í þriðja skiptið sem Hjartaheill tekur þátt í að kaupa nýtt þræðingartæki fyrir Landspítalann, segir Guðmundur

Bjarnason formaður Hjartaheilla, en að auki hafa samtökin gefið spítalanum ýmsar smærri gjafir og styrki.

en fyrri safnanir samtakanna. Það kostar peninga að safna peningum, t.d. með því að auglýsa og láta vita af sér á annan hátt. Við ákváðum því núna að hafa þann háttinn á að senda 1.000 kr. valgreiðslu inn í heimabanka hjá einum íbúa á öllum heimilum landsins og var fólki að sjálfsögðu í sjálfsvald sett hvort það greiddi hana. Við erum ákaflega þakklát þeim sem sáu sér það fært og sumir lögðu til viðbótar tugi og jafnvel hundruð þúsunda. Með því tókst okkur að standa við okkar fyrirheit í söfnuninni. Einnig var hægt að hringja í söfnunarsíma og þannig safnaðist talsvert.

Guðmundur segir gamlan tækjabúnað hjartadeildar Landspítalans hafa verið áhyggjuefni samtakanna um skeið. Það er talið að endingartími svona tækja sé 7-8 ár, en tækið sem nú er verið að leggja af var notað í tvöfalt lengri tíma. Tækin hafa bilað og biðlistarnir hafa því lengst. En við vonum að með nýjum búnaði takist að stytta biðlistana.

Núna er þetta orðið að veruleika og við erum auðvitað ákaflega stolt af því að vera þátttakendur í því að leggja þessu brýna málefni lið.

Heimild: Morgunblaðið

Gömul tæki áhyggjuefni

Hann segir söfnunina núna hafa verið nokkuð minna áberandi



Fjölbreytt úrval tækja til bjargar mannlífum



LUCAS hjartahnoðtæki



Lifepak CR Plus
Sjálfvirk hjartastuðtæki



V Scan handfrjálst ómtæki

HealthCo ehf

Hlíðarsmári 1
201 Kópavogur
Sími: 534 3600
www.healthco.is



GoRed dagurinn 2014



Fulltrúar frá GoRed samtökunum heimsóttu ríkisstjórnina í upphafi ríkisstjórnarfundar þann 21 febrúar s.l. til að fræða ráðherra og afhenda þeim merki samtakanna sem er rauður kjóll.

Samtökin eru alþjóðleg og vinna með Hjartaheill, Hjartavernd, Heilaheill og fagdeild hjúkrunarfræðinga.

Formaður samtakanna á Íslandi er Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir, hjartalæknir, og verndari er Ingibjörg Pálmadóttir, fyrrverandi alþingismaður og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Í tilefni af konudeginum, var laugardaginn 22. febrúar s.l. vakin sérstök athygli á staðreyndum sem ekki eru öllum ljósar en vert er að gefa alvarlegan gaum, þ.e. konur og hjartasjúkdómar.

Heimild: Hjartaheill

Þökkum eftirtöldum aðilum góðan stuðning

Reykjavík

A. Margeirsson ehf
Adamsson arkitektastofa
Aðalverkstæðið ehf
Aðalvík ehf
ALTEX FÓLK ehf
Arkitektastofan OG ehf
Arkís arkitektar ehf
Atvinnuhús ehf
Álftamýri ehf
Álnabær ehf, verslun
Áltak ehf
Árbæjarapótek ehf
Árni Reynisson ehf
Ársól snyrtistofa

Ásbjörn Ólafsson ehf
B. Ingvarsson ehf
Balletskóli Sigríðar Ármann ehf
Bananar ehf
Barnafataverslunin Sporið Grímsbæ
Barnalæknaþjónustan ehf
Betri bílar ehf, s: 568 1411
Bifreiðasmiðja G & Ó sf
Bifreiðastillingar Nicolai
Bifreiðaverkstæði Svans ehf
Bílaborg.is
Bílaleigan Rent 4x4
Bílamálun Halldórs Þ Nikulássonar
Bílamálun Pálmars ehf
Bílastjarnan

Bjarnar ehf
Blaðamannafélag Íslands
Blikksmiðjan Glófaxi hf
Blómagallerí ehf
Boozt bar
Borgar Apótek
Borgarpylsur
Borgir ehf, fasteignasala
Bókavirkið ehf
Bólsturverk sf
Bón og þvottastöðin ehf
Bónus
Brauhúsið ehf
Brúskur, hársnyrtistofa s: 587 7900
BSI bifreiðaverkstæði ehf



Páskabingó Hjartaheilla 2014



Á myndinni er Kjartan Birgisson, starfsmaður Hjartaheilla með vinningshöfum

Miðvikudagskvöldið 2. apríl s.l. var haldið til páskabingó Hjartaheilla í Síðumúla 6, 2. hæð. Góð þátttaka var og góðir vinningar í verðlaun.

Vinningar voru frá Nóa Sirius og Subway og þakkar Hjartaheill þessum fyrirtækjum stuðninginn.

Enn öflugri Sportþrenna

Nýtt útlit og meira omega-3

Nú hefur **Sportþrenna** fengið nýtt útlit og meira af omega-3. **Sportþrenna** er ætluð þeim sem stunda líkamsrækt og íþróttir af miklu kappi. Hún inniheldur vítamín og steinefni sem vernda gegn oxunarálagi.





Mataræði og hjartasjúkdómar

Það er óumdeilt að það sem við borðum hefur áhrif á heilsufar okkar og líðan. Jafnvel er líklegt að þáttur mataræðis sé vanmetinn þegar kemur að heilsu og forvörnum. Þegar gefa þarf ráðleggingar um mataræði vandast málið hins vegar, því næringarfræði er umfangsmikil og margsnúin fræðigrein og rannsóknir á mataræði og áhrifum þess eru vandasamar. Þess vegna eru fræðimenn ekki alltaf sammála um hvað sé best að borða, til að forðast sjúkdóma og halda góðri heilsu.

Vísindamenn ósammála

Á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar deildu vísindamenn um áhrif mataræðis á tilurð hjartasjúkdóma. Bandaríkjaðurinn Ancel Keys gerði þekktar faraldsfræðilegar rannsóknir á tengslum mataræðis og hjartasjúkdóma. Niðurstaða hans var sú að mikil neysla mettaðrar fitu og kólesteróls yki hættuna á hjarta- og æðasjúkdómum.

Margir fræðimenn halda því fram að offitufaraldurinn megir að hluta til rekja til óhóflegrar neyslu á sykri, sérstaklega frúktósa og ýmsum unnum, óhollum kolvetnum.

Rannsóknir Keys voru þó umdeildar og margir samtímamenn hans höfðu aðrar áherslur. Árið 1972 kom út bók eftir breska næringarfræðinginn John Yudkin sem bar heitið „Pure White and Deadly“ þar sem hann lagði áherslu á tengsl milli óhóflegrar sykurneyslu og hjarta- og æðasjúkdóma. Þrátt fyrir að kenningar Yudkins ættu sér marga fylgismenn urðu áherslur Keys ofan á. Nefnd sem stýrt var af bandaríska öldungadeildarþingmanninum og forsteaframbjóðandanum George McGovern sendi, árin 1977 og 1980 frá sér leiðbeiningar um mataræði til bandarísku þjóðarinnar. Þar var lögð áhersla á að draga bæri úr fituneyslu, sérstaklega neyslu mettaðrar fitu og kólesteróls. Þessar leiðbeiningar höfðu mikil áhrif á ráðleggingar lýðheilsuyfirvalda



Axel F. Sigurðsson,
hjartalæknir

annars staðar á Vesturlöndum og segja má að áherslur McGovernnefndarinnar hafi beint almennum ráðleggingum um mataræði í ákveðinn farveg sem haldist hefur æ síðan.

Á síðustu þremur áratugum hefur líkamsþyngd aukist hröðum skrefum víðast hvar í heiminum og offita verður sífellt stærra heilsufarsvandamál. Þetta hefur gerst á sama tíma og dregið hefur úr neyslu á fitu. Margir fræðimenn halda því fram að offitufaraldurinn megir að hluta til rekja til óhóflegrar neyslu á sykri, sérstaklega frúktósa og ýmsum unnum, óhollum kolvetnum.

Sama gildir ekki fyrir alla

Það kann að vera erfitt og jafnvel vafasamt að gefa einhlítar ráðleggingar um mataræði fyrir alla.

Hvaða mataræði er best í hverju tilviki ræðst af þáttum eins og líkamsþyngd, efnaskiptum, blóðfitum, blóðsykri, blóðþrýstingi og undirliggjandi sjúkdómum. Sem dæmi má nefna að einstaklingur sem er of þungur þarf allt aðrar áherslur en sá sem er í eðlilegum holdum. Þá þarf að taka tillit til þess hvort sykursýki eða önnur efnaskiptavandamál eru til staðar eða ekki.

Ef þú ætlar að bæta blóðfiturnar þínar er talið gagnlegt að draga úr neyslu mettaðrar fitu og kólesteróls. Há blóðfita er áhættuþáttur hjartaog æðasjúkdóma. Því er ráðlegt að neyta fæðu sem lækkar LDL-kólesteról (vonda kólesterólið) og þrigglýseríða. Að sama skapi ert talið æskilegt að hækka HDL-kólesteról (góða kólesterólið) sem talið er að hafi verndandi áhrif.

Ef þú hins vegar glímir við of mikla líkamsþyngd gætirðu verið með svokallað efnaskiptaheilkenni (metabolic syndrome). Margar rannsóknir benda til þess að í slíkum tilvikum sé gagnlegt að draga úr neyslu sykurs og kolvetna og auka fituneyslu.

Meginorkugjafir okkar eru kolvetni, fita og prótín (eggjahvíta). Mikilvægt er að þekkja þessa fæðuflokka, eðli þeirra og þátt í mataræði okkar.





Kolvetni

Landlæknisembættið mælir með því að við fáum 50-60 prósent daglegrar orku úr kolvetnum. Mikilvægt er þó að hafa í huga að kolvetni eru ekki öll eins. Æskilegt er að borða flókin kolvetni, ávexti, grænmeti og baunir. Flókin kolvetni má finna í heilkornavörum, rötargrænmeti eins og kartöflum og gulrótum, brúnum hrísgrjónum, og byggi. Þessi kolvetni eru rík af vítamínum, steinefnum og trefjum. Dæmi um heilkornavörur eru rúgbrauð, ýmis önnur brauð úr heilkorni, hafragrjón, heilhveitipasta og hýðishrisgrjón. Ávextir og heilkorn tryggja þér aukið magn af trefjum sem lækka LDL-kólesteról. Forðastu öll unnin kolvetni eins og hveitibrauð, hveitibakkelsi, kex, kökur, hveitipasta, gosdrykki og sælgæti.

Fita

Fita er lífsnauðsynleg. Mikilvægt er þó að vanda valið á þeirri fitu sem við neytum.

Forðastu alfarið transfitu. Transfita verður til við herðingu á ómettuðum fræ- eða jurtaolium. Ólíunni er breytt í fast form með því að hita hana við háan hita og bæta við hana vetnisatómum. Í innihaldslýsingum matvæla eru transfitur oftast einkenndar sem hert fita, jurtaolía eða jurtafeiti.

Ef þú hins vegar glímir við of mikla líkamsþyngd gætirðu verið með svokallað efnaskiptaheilkenni (metabolic syndrome). Margar rannsóknir benda til þess að í slíkum tilvikum sé gagnlegt að draga úr neyslu sykurs og kolvetna og auka fituneyslu.

Veldu frekar ómettaðar fitusýrur en mettaða fitu. Mettuð fita er yfirleitt hörð við stofuhita. Fjölmottaðar fitusýrur eins og Omega-3 eru taldar hafa jákvæð áhrif. Þessar fitusýrur er helst að finna í fiskafurðum. Borðuðu einnig einómettaðar fitusýrur. Þær má finna í hnetum og fituríkum jurtafurðum eins og ólífum og lárperum (avocado). Veldu oliur sem innihalda ómettaðar fitusýrur eins og ólífuolíu. Veldu mjólkurvörur með lágu fituinnihaldi, t.d. undanrennu eða fjörmjólk, magra osta og fitulitla jógúrt. Hafðu þó í huga að margar fitusnauðar mjólkurvörur innihalda mikinn sykurlu sem er óæskilegt.

Prótín

Vandaðu valið á prótínum. Þetta geturðu gert með því að borða mikið af fiski og grænmeti, fremur en rautt kjöt. Það er þó engin ástæða til að forðast rautt kjöt alfarið. Veldu þó frekar magurt kjöt en feitt. Varastu unnar kjötvörur eins og skinkuálegg, hangikjötsálegg og spægipylsu.

Ef þú ætlar að breyta mataræðinu er gott að setja sér nokkrar einfaldar grunnreglur sem þú telur þig geta fylgt. Leiðbeininga hér að ofan geta hjálpað þér að bæta mataræði þitt, lækka blóðfitur og draga úr hættunni á hjarta- og æðasjúkdómum. Það einfaldar málið að hugsa um hvern fæðuflokk fyrir sig og velja það sem hentar best í hverjum flokki. Mikilvægt er að mataræðið sé fjölbreytt. Ekki gleyma hreyfingunni, hún er lykillinn að góðri heilsu, sama á hvaða aldri þú ert.



Eirberg

ChoiceMMed súrefnismettunarmælar

Einfaldir og hraðvirkir í notkun.
Mæla súrefnismettun í blóði og púls.
Íslenskur leiðarvísir.



BEI-MD300C15D

9.750 kr.



AND-UA651 9.750 kr.

A&D blóðþrýstingsmælar

Áreiðanleikaprófaðir. Einfaldir í notkun.
Nema hjartsláttaróreglu.
Minni fyrir 30-90 síðustu mælingar.
Íslenskur leiðarvísir.

Eirberg ehf. Stórhöfða 25 • eirberg@eirberg.is • Sími 569 3100 • eirberg.is





Hvað er blóðfita og hvers vegna skiptir hún máli?

Inngangur

Hvers vegna skiptir blóðfitan þín máli? Margar rannsóknir benda til þess að magn fitu í blóðinu tengist hættunni á að fá hjarta- og æðasjúkdóma. Sérstaklega hefur kólesterólið verið talið skaðvaldur í þessu samhengi. Þetta kann að virðast undarlegt því kólesteról er líkamanum nauðsynlegt og við getum ekki lifað án þess. Enn vantar því nokkuð upp á þekkingu okkar og skilning á hlutverki kólesteróls í tilurð hjarta- og æðasjúkdóma. Hins vegar er mikilvægt fyrir þig að vita blóðfitugildi þín, hvort þau eru ásættanleg eða hvort þú þarft að grípa til sérstakra ráðstafana til að draga úr hættunni á hjarta- og æðaaðföllum.

Fylgni milli hjarta- og æðasjúkdóma og hárrar blóðfitu þarf ekki að þýða að fitan sé orsakabáttur. Margir sérfræðingar hafa reyndar nýverið dregið í efa að svo sé. Hins vegar er vitað að blóðfitulækkandi lyf bæta horfur sjúklinga með hjarta- og æðasjúkdóma. Þetta gæti bent til þess að kólesterólið sjálft sé orsakabáttur í sjúkdómsferlinu. Hins vegar hafa blóðfitulækkandi lyf ýmis önnur áhrif sem gætu dregið úr framgangi hjarta- og æðasjúkdóma, m.a. bólguþendi áhrif. Nýlegar rannsóknir benda til þess að bólga gegni mikilvægu hlutverki í tilurð þessarar sjúkdóma.

Hvað er kólesteról?

Kólesteról er efni sem er líkamanum nauðsynlegt. Við þurfum kólesteról í frumuhimnur og það gegnir t.d. sérstaklega mikilvægu hlutverki fyrir taugafrumur. Líkaminn þarf kólesteról við framleiðslu ýmissa hormóna eins og t.d. testosterons og estrogens. Þrátt fyrir þetta hafa faraldsfræðilegar rannsóknir sýnt að hátt kólesteról er áhættuþáttur fyrir hjarta- og æðasjúkdómum. Því herra sem kólesterólið er, því meiri hætta er á kransæðastíflu og heilablóðfalli. Hins vegar ber að hafa í huga að margir sem fá kransæðastíflu eru ekki með hátt kólesteról. Það er því enn margt óljóst um samband blóðfitu og hjarta- og æðasjúkdóma.

Lifrin framleiðir mest af því kólesteróli sem líkaminn þarf. Það er einstaklingsbundið hversu mikil þessi framleiðsla er.



Hátt kólesteról í blóði er oft arfgengt. Yfirleitt er ekki mikið af kólesteróli í fæðu. Kólesterólið í blóðinu ræðst því yfirleitt ekki af því hvort þú borðar mikið kólesteról. Þrátt fyrir það getur mataræði haft áhrif á blóðfituna þína. Talið er að neysla á mettaðri/harðri fitu sé líkleg til þess að hækka kólesteról. Því er æskilegt, ef þú vilt lækka kólesterólið, að neyta frekar fjölmættaðra fitusýra eða mjúkrar fitu í stað harðrar fitu.

Eru til margar gerðir af kólesteróli?

Þegar blóðfitan þín er rannsökuð eru eftirtaldir mælingar oftast gerðar:

- Heildarkólesteról.
- LDL - kólesteról. Þetta efni er stundum kallað „vonda kólesterólið“. Það er vegna þess að fylgni er á milli hás LDL kólesteróls og hættunnar á hjartaáðföllum, heilablóðfalli og fleiri sjúkdómum.
- HDL-kólesteról. Þetta efni er stundum kallað „góða kólesterólið“ vegna þess að öfug fylgni er á milli HDL - kólesteróls og hjarta- og æðasjúkdóma. Þetta þýðir að því herra sem HDL-kólesteról er, því minni er hættan á hjarta- og æðasjúkdómum.
- Þríglýseríðar. Þessi fita er annars eðlis en kólesteról. Hátt magn þríglýseríða í blóði er talið auka líkurnar á hjarta- og æðasjúkdómum.

Hvaða blóðfitugildi eru æskileg?

Eftirtalin viðmiðunargildi eru fyrir heilbrigða einstaklinga sem ekki hafa greinst með hjarta-eða æðasjúkdóm (viðmiðin eru fengin frá National Institute for Health and Clinical Excellence (NICE) and Department of Health cholesterol guidelines)

- Heildarkólesteról á ekki að vera herra en 5.0 mmol/L
- LDL - kólesteról á ekki að vera herra en 3.0 mmol/L
- HDL - kólesteról á ekki að vera lægra en 1.55 mmol/L
- Þríglýseríðar eiga ekki að vera hærri en 1.7 mmol/L



Alþýðusamband Íslands





Fyrir einstaklinga sem hafa greinst með hjarta-eða æðasjúkdóm gilda eftirtalin viðmiðunargildi fyrir heildarkólesteról og LDL- kólesteról (viðmiðin eru fengin frá European Society of Cardiology (ESC))

- Heildarkólesteról á ekki að vera hærri en 4.0 mmol/L
- LDL - kólesteról á ekki að vera hærri en 2.0 mmol/L

Hvað geturðu gert til þess að lækka blóðfituna?

Hátt kólesteról eitt og sér þarf ekki alltaf að vera áhyggjuefni. Það er aðeins einn af mörgum áhættuþáttum. Dæmi um aðra áhættuþætti sem auka hættuna á hjarta- og æðasjúkdómum eru:

- Reykingar
- Háþrýstingur
- Karlkyn
- Aldur
- Ættarsaga (foreldri eða systkin með hjarta- eða æðasjúkdóm fyrir 55 ára aldur)
- Sykursýki
- Offita
- Hreyfingarleysi
- Mikil streita
- Mikil áfengisneysla

Ef heildaráhætta þín er mikil, t.d. ef margir áhættuþættir eru til staðar, getur há blóðfita verið áhyggjuefni fyrir þig. Há blóðfita hefur mun minni þýðingu ef aðrir áhættuþættir eru ekki til staðar, þ.e. ef heildaráhætta þín er lítil.

Hvenær er rétt að taka lyf til að lækka blóðfitur?

Aðstæður eru mismunandi og því er best að ræða þetta við lækni. Rannsóknir benda til þess að þeir sem hafa greinst með hjarta- eða æðasjúkdóm hafi verulegt gagn af meðferð með blóðfitulækkandi lyfjum (svokölluðum statinlyfjum). Blóðfitulækkandi lyf bæta horfur þessarar sjúklinga og minnka hættuna á nýjum hjarta- og æðaáfallum. Mun óljósara er hvenær á að nota blóðfitulækkandi lyf hjá heilbrigðum einstaklingum sem ekki hafa sögu um hjarta-eða æðasjúkdóm.

Mælt er með blóðfitulækkandi lyfjum í eftirtöldum tilvikum:

- Saga um hjarta-eða æðasjúkdóm (t.d. kransæðapregisli, kransæðastíflu eða heilablóðfall)
- Sykursýki
- Sjúkdómur í slagæðum til útlima eða heilæða.

Hvernig er hægt að lækka blóðfituna án lyfja?

Ýmsar leiðir eru til. Þú getur fundið sérstaka umfjöllun um þetta annars staðar á vefsíðunni fljótlega. Helstu leiðir sem mælt er með eru:

- Minnkuð neysla á mettaðri fitu - dýrafitu, smjöri, feitum mjólkurvörum, ostum, brösuðum mat.
- Gagnlegt er að létta sig ef maður er of þungur. Undir þessum kringumstæðum getur verið hjálplegt að minnka kolvetnaneysu.
- Aukin hreyfing

Heimild: Mataræði.is

Meginheimild: www.uptodate.com

Hjartastuðtæki – vertu viðbúinn



Íslenskt tal leiðbeinir notanda um allar aðgerðir

Nú þegar eru fjöldi Íslendinga í fullu fjöri sem startað hefur verið í gang með hjartastuðtækjum frá Donnu.

Samaritan PAD hjartastuðtæki
kosta aðeins frá kr. 199.600 m/vsk.



Donna
Sími 555 3100
Sýnikennsla á www.donna.is

FIT
FÉLAG IÐN- OG
TÆKNIGREINA

www.fit.is



Your Icelandic Tour Expert





Þrjú ráð til að bæta blóðfituna þína

Inngangur

Hjarta- og æðasjúkdómar eru algengasta dánarorsök Íslendinga. Þessir sjúkdómar gera miklar kröfur til heilbrigðiskerfisins enda er meðferð oft flókin og kostnaðarsöm. Þótt miklar framfarir hafi orðið í lyfjameðferð og aðgerðartækni af ýmsu tagi hlýtur það að vera ósk okkar flestra að komast hjá því að fá þessa sjúkdóma.

Á síðustu misserum hefur orðið forvarnir oft verið notað frjálsglega í ýmsu samhengi. Stundum þreytumst við á slíkum orðum og hættum að taka mark á þeim. Þau missa gjarnan styrk sinn og meiningu. Flesta daga eru það þó forvarnir sem einkenna líf okkar og hegðunarmynstur. Við slökkvum ljósin heima áður en við förum út, lokum gluggum og læsum útidyrhurðinni. Við slökkvum á kertum áður en við leggjumst til svefns. Við gætum þess að nægileg olía sé á bílnum og nóg loft í bíldekkjunum. Við tryggjum að niðurfallið virki í snjóaleysingum svo ekki fari allt á flöt. Við hendum ekki rusli í klósettið því þá gæti það stíflast. Þannig mætti lengi telja. Tilgangur margra athafna okkar snýst einfaldlega um að koma í veg fyrir vandamál. Þetta er lærd hegðun sem byggir á almennri skynsemi og þekkingu.

Stundum virðist sem hegðunarmynstur okkar þegar að heilsunni kemur hafi önnur markmið. Hvers vegna borðum við gjarnan það sem okkur finnst gott fremur en það sem er hollt. Hvers vegna veljum við reykingar og kyrrsetu þegar við vitum betur? Hvernig getum við styrkt skynsemina í baráttunni við skammtímahvatirnar? Fyrsta grunnforsendan er þekking. Við þurfum að læra leiðirnar að betri heilsu.

Há blóðfita er áhættuþáttur hjarta- og æðasjúkdóma. Í þessu samhengi er oft talað um kólesteról, vonda kólesterólið (LDL) og góða kólesterólið (HDL). Að hluta til er há blóðfita arfgeng. Því geta tveir einstaklingar sem lifa á nákvæmlega sama mataræði og hreyfa sig jafnmikið haft gjörólíkar blóðfitur.

Hvað er til ráða ef blóðfitan er há? Gríðarlega mikið hefur verið fjallað um mataræði og blóðfitu á undanförunum árum. Oft á tíðum hefur umfjöllunin því miður verið villandi og

ruglingsleg. Þegar miklar upplýsingar liggja fyrir er oft erfitt að greina aðalatriðin frá aukaatriðunum eða eins og máltækið segir: „sjá skóginn fyrir trjánum“.

Ef þú vilt draga úr hættunni á hjarta- og æðasjúkdómum skaltu reyna að bæta blóðfiturnar þínar. Í því felst að lækka heildarkólesterólið og LDL en hækka HDL. Til einföldunar hef ég dregið fram þrjá einfalda minnisþunkta sem þú getur nýtt þér til að ná settu markmiði. Þessir minnisþunktar lúta að hinum þremur hefðbundnu orkugjöfum okkar, kolvetnum, fitu og eggjahvítu. Þessa fæðuflokka þarftu helst að þekkja vel. Farðu yfir hvern flokk fyrir sig og veltu fyrir þér hverju þú getur breytt. Í staðinn fyrir að segja þér hvað þú mátt ekki borða, það er væntanlega allt þetta sem þér finnst gott, ætla ég aðallega að segja þér hvað þú skalt borða.

1. Vandaðu val á kolvetnum.

Borðaðu flókin kolvetni, ávexti grænmeti og baunir.

Flókin kolvetni má finna í heilkornavörum, rótargrænmeti eins og kartöflum og gulrótum, brúnum hrísgrjónum, heilhveiti pasta og byggi. Þessi kolvetni eru yfirleitt rík af vítamínum, steinefnum og svokölluðum phytochemicals sem mikið hafa verið rannsökuð á síðustu árum. Phytochemicals eru efni sem finna má í ávöxtum grænmeti og kornvörum. Sumar rannsóknir benda til að þessi efni geti hjálpað til við að verjast sumum krabbameinum. Nokkrar rannsóknir benda jafnframt til að heilkorn og trefjar geta dregið úr hættu á ristilkrabbameini.

Dæmi um heilkornavörur eru rúgbrauð, ýmis önnur brauð úr heilkorni, hafragrjón, heilhveiti pasta, hýðishrísgrjón. Ávextir og heilkorn tryggja þér aukið magn af trefjum sem lækkar LDL og hefur jákvæð áhrif á tilurð hjarta- og æðasjúkdóma. Forðastu öll unnin kolvetni eins og hveitibrauð, hveitibakkelsi, kex, kökur, hveitipasta, gosdrykki og sælgæti. Mikil neysla á slíkum unnum kolvetnum getur hækkað LDL.

2. Vandaðu val á fitu.

Þetta skaltu borða ef þú ætlar að bæta blóðfiturnar þínar

- Ávexti
- Baunir
- Canola olíu
- Egg (3-4 í viku)
- Fisk
- Fitusnauðar mjólkurvörur
- Grænmeti





- Gulrætur
- Hafragraut
- Heilkornabrauð
- Hnetuolíu
- Hnetur og möndlur
- Hýðishrisgrjón
- Kartöflur
- Kjúkling
- Kókosmjólk
- Ólífuolíu
- Ólífur og lærperur
- Rautt kjöt í hófi (ekki feitt)
- Rúgbrauð
- Sætar kartöfur

Fita er okkur lífsnauðsynleg. Við höfum því ekkert val hvað þetta varðar, fitu verðum við að borða. Við getum þó hæglega stillt fituneyslunni í hóf og vandað valið á þeirri fitu sem við neytum.

Forðastu alfarið transfitu. Transfita verður til við herðingu á ómettuðum fræ- eða jurtaolíum. Olíunni er breytt í fast form með því að hita hana við háan hita og dæla vetni í gegnum hana. Þannig verður efnafæðileg breyting sem veldur því að olían helst hörð við stofuhita. Mettunarferlið er stöðvað áður en fitan er fullhert.

Við þetta myndast óhollar transfitusýrur og á sama tíma missir olían þau lífrænu efni sem í raun og veru gerðu hana holla. Í innihaldslýsingum matvæla eru transfitur oft einkenndar sem hert fita, jurtaolía eða jurtafeiti. Ef talað er um jurtafitu er líklegt að hún sé hert. Í desember 2010 gekk í gildi reglugerð hér á landi um transfitusýrur. Samkvæmt reglugerðinni er óheimilt að markaðssetja matvæli sem innihalda meira en 2 grömm af

transfitusýrum í hverjum 100 grömmum af heildarfitumagni.

Veldu frekar ómettaðar fitusýrur en mettaða fitu. Mettuð fita er yfirleitt hörð við stofuhita. Fjölmottaðar fitusýrur eins og Omega-3 hafa jákvæð áhrif, þær er helst að finna í fiskafurðum. Notaðu gjarnan einómottaðar fitusýrur. Þær má finna í hnetum og fiturikum ávöxtum eins og ólífum og lærperum (avocado). Veldu olíur sem eru ríkar af slíkum fitusýrum eins og ólífuolíu og canola olíu. Veldu mjólkurvörur með lágu fituinnihaldi, t.d. undanrennu eða fjörmjólk, magra osta og fitulitla jógurt.

3. Vandaðu val á eggjahvítu.

Þetta geturðu gert með því að borða mikið af fisk og grænmeti, fremur en rautt kjöt. Það er þó engin ástæða til að forðast rautt kjöt alfarið. Veldu þó fremur magurt kjöt en feitt. Kjúkling máttu

gjarnan borða. Varastu unnar kjötvörur af ýmsu tagi eins og skinkuálegg, hangikjötsálegg, spægipylsu og fleira í þeim dúr. Margar rannsóknir benda til þess að fiskneysla og neysla á Omega-3 fitusýrum hafi mjög jákvæð áhrif á heilsuna þína, ekki síst mögulega tilurð hjarta-og æðasjúkdóma. Borðaðu því gjarnan fisk.

Ef þú er mjög þung/þungur getur verið skynsamlegt fyrir þig að reyna að létta þig t.d. með lágkolvetna-mataræði, áður en þú ferð að nota leiðirnar hér að ofan.

Ef þú ætlar að breyta mataræðinu er gott að setja sér nokkrar einfaldar grunnreglur sem þú telur þig geta fylgt.

Heilræðin hér að ofan geta hjálpað þér að bæta mataræði þitt, lækka blóðfitur og draga úr hættunni á hjarta-og æðasjúkdómum. Það einfaldar málið að hugsa um hvern fæðuflokk fyrir sig og velja það sem hentar best í hverjum flokki. Mikilvægt er að mataræðið sé fjölbreytt. Að síðustu, fyrir alla muni ekki gleyma hreyfingunni, hún er lykillinn að góðri heilsu, sama á hvaða aldri þú ert.

Heimild: Mataræði.is





Út að ganga!



Margir hafa litla trú á göngutúrum. Í þeim felast ekki mikil líkamleg átök og þeir eru því oft ekki flokkaðir sem líkamsrækt. Nýleg rannsókn hefur hins vegar sýnt að kukkutíma göngutúr á dag dregur marktækt úr líkunum á offitu hjá einstaklingum með ættarsögu um þetta vandamál. Hins vegar virðist lífurni sem felur í sér mikla kyrrsetu og sjónvarpsáhorf í meira en fjóra klukkutíma á dag auka hættuna á offitu um 50 prósent. Þessar rannsóknarniðurstöður voru kynntar á fundi American Heart Association í San Diego í síðustu viku.

Rannsóknin náði til rúmlega 12 þúsund karla og kvenna sem tóku þátt í tveimur stórum faraldsfræðilegum rannsóknum; Nurses Health Study og Health Professionals Follow-up

Study. Offita var skilgreind sem líkamsþyngdarstuðull yfir 30. Sjónvarpsáhorf var talið endurspeglar kyrrsetu. Greinileg fylgni var á milli sjónvarpsáhorfs og offitu. Hins vegar fór tíðni offitu lækkandi eftir því sem göngutúrar voru algengari og lengri. Fram kom að meðalsjónvarpsáhorf Bandaríkjamanns er 4-6 klukkutímar á dag.

Heimild: Mataræði.is

Þökkum eftirtöldum aðilum góðan stuðning

Búálfurinn
Búseti svf
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars ehf
Cafe Roma
Café Bleu
Chuck, Norris
City Car Rental
D&C ehf
Dalbær sf
Dale Carnegie, þjálfun
Danfoss hf
Danica sjávarafurðir ehf
Dokkan, þekkingar- og tengslahús
Dýragarðurinn ehf
E.T. hf
Efnamóttakan hf
Egill Baldursson ehf - umbrot og hönnun
Eignamiðlunin ehf
Eignaumsjón hf
Endurskoðun og reikningsskil hf
Ernir ehf
Ernst & Young hf
Extra lagnir ehf
Fasteignamarkaðurinn ehf
Fasteignasalan Garður ehf
Fasteignasalan Húsið
Fatboy, verslun í Suðurverri

Felgur smiðja ehf
Ferðaþjónusta bænda hf
Fiskbúðin Hafberg
Fínka ehf, málningarverktakar
Fjárfestingamiðlun Íslands ehf
Fjölbrautarskólinn í Breiðholti
Forum lögmenn ehf
Frystikerfi ehf
FS Flutningar ehf
Gallabuxnabúðin Kringlunni
Gallerí Fold
Garðmenn ehf
Garðs Apótek ehf
GÁ húsgögn ehf
Geiri ehf, umboðs- og heildverslun
Genís ehf
Giljá ehf
Gjögur hf
Gluggasmiðjan ehf
Gnýr sf
Gogoyoko ehf
Gólfagnir ehf
GP-arkitektar ehf
Grettir Guesthouse ehf
Guðmundur Arason ehf, smiðjarn
Gullkúnst Helgu skartgripaverslun
Gullsmiður Eyjólfur Kúld

Gullsmiðurinn í Mjódd
Gummi Valgeirs ehf
Gúmmisteypa P. Lárusson ehf
H.N. markaðssamskipti ehf
Hagi ehf-Hilti
Halldór Jónsson ehf
Hamborgarabúlla Tómasar
Hamborgarafabrikkan
Hárgreiðslustofan Gresika
Háskólinn í Reykjavík
Heimilisprýði ehf
Hilmar D. Ólafsson ehf
Hitastýring hf
Hjá Dúdda ehf
Hjá Guðjón Ó ehf
Hjólástillingar ehf
Hnit, verkfræðistofa hf
Hollt og gott ehf
Hópfærðarþjónusta Reykjavík ehf
Hótel Frón ehf
Hótel Óðinsvé
Hótel Örkin, sjómannaheimili
Hreinir Garðar ehf
Hreyfimyndasmiðjan ehf
Hreyfing heilsurækt
Hreysti ehf
Hringrás ehf



Máttur göngutúranna



Heilsa okkar og líðan er að miklu leyti háð athöfnum okkar og lífsstíl. Oftast er ekki flókið að grípa til aðgerða sem bæta heilsuna og draga úr líkum á sjúkdómum. Fyrsta skrefið er að átta sig á því að lífsstíllinn skiptir máli og að trúa því að einfaldar athafnir geti skipt sköpum fyrir heilsu okkar.

Oft ræði ég við fólk um mikilvægi reglubundinnar hreyfingar fyrir heilsuna. Stundum rek ég mig á að fólk áttar sig ekki á mikilvægi líkamsræktar fyrir andlega og líkamlega líðan. Sumir telja jafnvel að það sé einhvers konar myta að hreyfing skipti máli og að vísindalegar rannsóknir hafi ekki sýnt fram á slíkt. Hið sanna er að þetta er alrangt. Vísindarannsóknir hafa nefnilega sýnt að hreyfing getur skipt sköpum fyrir heilsu okkar.

Þegar við eldumst minnkar vöðvastyrkur og stíðleiki eykst. Líkamsrækt sem við gátum stundað þegar við vorum yngri verður okkur erfiðari og stundum óframkvæmanleg. Þá má hins vegar ekki leggja árar í bát og leggjast upp í sófa.

Einföld hreyfing eins og göngutúrar getur haft mjög jákvæð áhrif á heilsu okkar og dregið úr hættu á sjúkdómum. Hreyfing hefur góð áhrif á blóðþrýsting og blóðfitur auk þess sem hún getur dregið úr hægfara bólguvirkni í líkamanum. Fræðilega getur þetta dregið úr hættu á krabbameinum og hjarta-og æðasjúkdómum.

Árið 1998 birtist í áhugaverð grein í The New England Journal of Medicine sem er eitt af virtustu læknatímaritum heims. Greinin lýsti niðurstöðum rannsókna sem gerðar höfðu verið á 707 karlmönnum á aldursbilinu 60-80 ára. Enginn þessarra manna reykti. Skráð var hversu langt þeir gengu á hverjum degi. Eftirfylgni stóð í 12 ár. Rannsóknin var hluti af stærra verkefni sem kallast Honolulu Heart Program.

Myndin sýnir dánartíðni karla 60-80 ára. Lengst til vinstri eru þeir sem gengu minnst og lengst til hægri þeir sem gengu mest. Þeir sem voru mitt á milli eru í miðjunni. Hvíta súlan sýnir öll dauðsföll, gráa súlan sýnir dauðsföll vegna krabbameina og svarta súlan sýnir dauðsföll vegna hjarta- og æðasjúkdóma.

Niðurstöður rannsóknarinnar voru býsna sláandi. Dánartíðni var næstum tvisvar sinnum hærri meðal karlmanna sem gengu minna en 1.6 km á dag en meðal þeirra sem gengu meira en 3.2 km á dag. Eftir 12 ár voru 43.1% karlanna í fyrrnefnda hópnum látnir en aðeins 21.5 prósent karlanna í síðarnefnda hópnum. Bæði var um að ræða fækkun dauðsfalla vegna krabbameina og vegna hjarta-og æðasjúkdóma.

Tölfræðilegar aðferðir voru notaðar til að leiðrétta fyrir aðra áhættuþætti eins og aldur, blóðfitur, blóðþrýsting og sykursýki.


Í lækisfræðinni einblínum við oft á lækningaaðferðir og lyfjameðferðir sem geta bætt heilsu, lækkað blóðþrýsting eða blóðsykur og bætt blóðfitur. Miklar framfarir hafa orðið í lyfjameðferð háþrýstings, blóðfituraskana og sykursýki. Hins vegar má ekki gleyma að einfaldar aðferðir sem snerta lífféttir okkar geta stundum haft jafnmikil eða meiri áhrif í átt til betri heilsu. Þess vegna má Honolulu rannsóknin ekki falla í gleymasku.

Göngutúrar á Íslandi

Hér á landi búum við í umhverfi þar sem göngufæri kann að vera býsna erfitt yfir vetrartíman. Hálkuslys eru algeng og fólk veigrar sér við að ganga úti sem er afar skiljanlegt. Á slíkum tímum eru mannbroddar mikilvægt öryggistæki sem sjálfsagt er að notfæra sér.

Mörg bæjarfélög á Íslandi hafa byggt fjölnota íþróttahallir. Þar er hægt að ganga á svokölluðum tartanbrautum við góðar aðstæður. Flestar þessar íþróttahallir hafa opið fyrir almenning daglega og er aðgangur ókeypis.

Heimild: Mataræði.is





Pökkum eftirtöldum aðilum góðan stuðning

Hugsmiðjan ehf
Hús verslunarinnar sf
Hús-inn ehf
Hússtjórnarskóli Reykjavíkur
Hype markaðsstofa
Höfðakaffi ehf
Icelandic Group hf
Iðnó ehf
Innrömmun Sigurjóns ehf
Isavia
Í réttum ramma ehf
Ísbíllinn
Ísbúð Vesturbæjar ehf
Ísbúðin Erluís
Ísfrost ehf
Ísold ehf
Ís-spor ehf
James Bönd
Járn og gler ehf
JBB Tannlæknastofa ehf
JGG ehf
Joma pípulagnir ehf
Jóhannes Long ljósmyndari
Jón Ásbjörnsson hf
Jón Bergsson ehf
Jónatanesson & Co lögfræðistofa ehf
JP Lögmenn ehf
Jöfur atvinnuhúsnæði-leigumiðlun-
fasteignasala
K. H. G. Þjónustan ehf
K. Norðfjörð ehf
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma
Kj Kjartansson hf
Kjaran ehf
Kjöreign ehf, fasteignasala
Kjörgarður
Kjöthöllin ehf
Kr. St. lögmennsstofa ehf
Kraftganga, líkamsrækt
Kvikk Þjónustan ehf
Kælitækni ehf.
Landfestar ehf, fasteignafélag
Landsnet hf
Landssamband lögreglumanna
Landssamtök lífeyrissjóða
Láshúsið ehf
Leðurverkstæðið Reykjavík ehf
Leiguval ehf
Lifandi vísindi
Litsýn ehf
Lífstýkkjabúðin ehf
Ljósafoos ehf
Ljósmyndastofa Ljósmyndir Rutar
Ljósmyndastofan Svipmyndir
Loftstokkahreinsun.is,
s: 567 0882 & 893 3397

LOG lögmennsstofa sf
Lyfjaver ehf
Læknasetrið ehf
Lögfræðistofan PwC Legal ehf
Lögheimili eignamiðlun ehf
Lögmennafélag Íslands
Lögskil ehf
Löndun ehf
Margt smátt ehf
Matborðið ehf
Matthías ehf
Meba-Rhodium
Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Merking ehf
Mirage slf
Mokka-Espresso-Kaffi
MP banki hf
MS Armann skipamiðlun ehf
Neytendasamtökin
Norðursalt
Nói-Sírís hf
Nýherji hf
Nýi tónlistarskólinn
Nýi ökuskólinn ehf
Og fjarskipti ehf-Vodafone
Orka ehf
Orkuvirki ehf
Ólafur Þorsteinsson ehf
Ósal ehf
Pétur Stefánsson ehf
PG Þjónustan ehf
Plast - miðar og tæki ehf
Poulsen ehf
Pósturinn
Prentsmiðjan Leturprent ehf
Prikið ehf
Rafás, rafverktaki
Rafco ehf
Rafey ehf
Rafha ehf
Raflex ehf
Rafmagn ehf
Rafstilling ehf
Rafsvið sf
Raftar ehf
Raftækjaþjónustan sf
Rafviðgerðir ehf
Rannsóknarstofan Glæsibæ
Rarik ohf
Rekstrarfélagið Viðvík ehf
Renniverkstæði Jóns Þórgrímssonar ehf
Reykjagarður hf
Reykjavík IO ehf
Reykjavíkurborg
Rossopomodoro, veitingastaður
S4S ehf

Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja-SSF
Sandra María Steinarsdóttir-Polanska slf
Sálfræðiþjónusta-Wilhelm Norðfjörð ehf
Scanmar á Íslandi ehf
Securitas hf
Seljakirkja
Sérefni ehf, málningarvöruverslun
Sjávargrillið ehf
Sjómannasamband Íslands
Sjúkraþjálfun Styrkur ehf
Skorri ehf
Skrifstofan ehf
SM kvótapiing ehf
Smíðaðþjónustan ehf
Smur- og viðgerðarþjónustan ehf
Snerruútgáfan ehf
Sónn ehf
Sportbarinn
Sprettur-þróun og stjórnun ehf
Sprinkler pípulagnir ehf
Staki automation ehf
Stilling ehf
Stólpi gámar ehf
Subway
Suzuki bílar hf
Svanur Ingimundarson málari
Sveinsbakari
Sýningakerfi hf
Sægreifinn
Sævörur ehf
Söluturninn Vikivaki
Talakönnun hf
Tandur hf
Tannálfur, tannlæknastofa
Tannlæknar Mjódd ehf
Tannlæknastofa Elínar Wang
Tannlæknastofa Friðgerðar Samúelsdóttur
Tannlæknastofa Sólveigar Þórarinsdóttur ehf
Tannlæknastofa Tómasar Einarssonar
Tannréttingar sf
Tapashúsið
TBG ehf
THG Arkitektar ehf
Timberland Kringlunni og Laugavegi
Tóbaksverslunin Björk
Tónlistarskóli F Í H
Tónlistarskólinn í Grafarvogi ehf
Trésmiðja GKS ehf
Tölvar ehf
Ullarkistan ehf
VA arkitektar ehf
Vagnasmíðjan ehf
Valhöll fasteignasala ehf
Vefnaðarvöruverslunin Virka ehf
Veiðiþjónustan Strengir
Veitingahúsið Caruso




Mataræði og hlaup

Árlega er Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka. Fyrir mörg okkar er þetta stór dagur. Oft á tíðum hefur undirbúningur staðið mánuðum saman. Lykillinn að árangri er oftast í réttu hlutfalli við magn og gæði þjálfunar. Þá getur rétt mataræði skipt sköpum fyrir hlaupara og aðra íþróttamenn, ekki síst þegar nær dregur keppni.

Kolvetni eru oftast lykilorkugjafi fyrir íþróttamenn og á þetta sérstaklega við um þá sem stunda þolíþróttir. Sérfræðingar mæla yfirleitt með ríkulegri kolvetnaneyslu samfara þjálfun. Mikil kolvetnaneysla stækkar orkuforða líkamans og eykur þol. Við ástundun íþróttar sem reyna á úthald er mælt með því að 60% daglegra hitaeyninga séu í formi kolvetna. Auk þess að vera orkugjafi inniheldur kolvetnarið fæða, eins og heilkorn, baunir, ávestir og grænmeti, mikið af nauðsynlegum vítamínum og trefjum.

Ef þú ert íþróttamaður/kona eða stundar reglulega líkamsrækt er mjög mikilvægt að þú sjáir frumum líkamans fyrir nægjanlegri orku. Þetta tryggir vellíðan og bætir árangur. Að borða rétta fæðu og rétt magn mismunandi orkugjafa, vítamína og steinefna er ekki síður mikilvægt en þjálfunin sjálf. Íþróttanæringarfræðingar mæla oftast með því að íþróttamenn borði oft en lítið í einu. Á tímum mikillar áreynslu er lykilatriði að borða mikið af kolvetnum og eggjahvítu (prótínum) til þess að endurnýja glykogen birgðir líkamans og sjá líkamanum fyrir aminosýrum til uppbyggingar og viðgerða á vefjum, ekki síst beinagrindarvöðvum. Neysla hollrar, náttúrulegrar fitu er einnig mikilvæg, enda er fita mikilvægur orkugjafi fyrir mannlíkamann.

Mælt er með því að meginhluti kolvetna sem þú neytir séu flókin kolvetni. Slík kolvetni hafa lágan eða meðalháan sykurstuðul (GI). Dæmi um matvörur sem innihalda flókin kolvetni eru kartöflur, hrísgrjón, pasta, rískökur, beyglur, tortilla, morgunkorn, kornvörur, heilkornabrauð, hrökkbrauð, linsubaunir, grænar baunir, kúrbítur, hafragrautur og grófkorna kex. Sumir íþróttamenn geta þurft einföld kolvetni eða sykurlaus til að halda uppi blóðsykri. Þótt unninn sykurlaus og gosdrykkir geti fært þér kolvetni skaltu láta slíka hluti eiga sig. Legðu áherslu á að neyta hollra kolvetna, þá verða minni sveiflur



í blóðsykrinum jafnframt því sem þú færð mikilvæg næringarefni.

Ef þú ert ekki í mjög kröftugri líkamsrækt, t.d. göngutúrum fimm sinnum í viku, þarf kolvetnanesyla ekki að vera mikil til að fullnægja orkuþörfinni. Ef þú stundar kröftugri líkamsrækt, t.d. að jafnaði 6 - 8 tíma á viku eða lengur þarftu helst að borða a.m.k. 5 - 6 grömm af kolvetnum á dag fyrir hvert kíló líkamsþyngdar þinnar. Þetta þýðir að ef þú ert 60 kíló þarftu að borða a.m.k. 300 - 360 grömm af kolvetnum á dag og ef þú ert 90 kíló þarftu að borða a.m.k. 450 - 540 grömm af kolvetnum daglega. Ef þú þjálfar meira eykst kolvetnaþörfin enn frekar.

Sumir íþróttamenn kjósa að nota fitu sem meginorkugjafa fremur en kolvetni. Stærstur hluti orkuforða líkamans er geymdur í formi fitu. Fituforði okkar er því mun meiri en kolvetnaforðinn. Líkami

okkar getur aðeins notað fitu til brennslu upp að vissu marki ef hann hefur vanist því að kolvetni séu aðalorkugjafinn. Hægt er að kenna líkamanum að nýta fitu sem meginorkugjafa. Sérfræðingar hafa kallað þetta ketó-adlögun (keto-adaptation). Hafirðu áhuga á að kynna þér þetta frekar mæli ég með bók sem heitir The art and science of low carbohydrate performance eftir Jeff S. Volek og Stephen D. Phinney.

